

BÆKUR

Hringvegarljóð

LJÓÐABÓK | Í fjarveru trjáa - vegaljóð
Eftir Ingunni Snædal. Bjartur 2008. ★★★★★

Lokaljóð bókarinnar, Íslenskt landslag, er einfalt: að hálfu leyti himinn/hinn helmingurinn/ minning. Það dregur engu að síður saman margt úr þessari áhugaverðu bók, þar sem minningar og upplifanir móta íslenskan ljóðheiminn.

Skáldið fer hringferð um Ísland og bregður upp myndum af hinum ýmsu stöðum; birtir persónulegar upplifanir og almennar um leið. Ingunnur beitir íðulega forvitnilegum og írónískum líkingum og myndhvörfum, og tekst að skapa opna en um leið persónulega ljóðferðasögu.

Einar Falur Ingólfsson

Of mikið

LJÓÐABÓK | Uppsveifla / Niðursveifla Eftir Þorgerði Mattíu. Nykur gefur út. ★★★★★

Þessi ljóðabók Þorgerðar Mattíu er fyrsta bók hennar, en hún hefur birt nokkuð af ljóðum á vefsetrinu ljod.is. Bókinni er skipt eftir geðhvörfum sem er bæði rökrétt og skemmtileg skipting. Sá er hægurinn að í bókinni er of mikið af ljóðum, það hefði mátt velja af mun meiri kostgæfni. Innan um þrýðileg ljóð sem gefa okkur kost á að gægjast í hugskot höfundar eru önnur sem eru svo almennt orðuð að þau eru eiginlega merkingarlaus.

Arni Matthíasson

Kaldrifjuð saga

SKÁLDSAGA | Auðnin Eftir Yrsu Sigurðardóttur. ★★★★★

Það er óhætt að segja að í allri glæpasagnaflórinni sem nú breiðir úr sér yfir íslenskt skáldsagnasvið, sé Yrsa Sigurðardóttir sér á báti. Ekki einungis vegna þess að hún er kona í karlaheimi heldur einnig vegna faglegs bakgrunns hennar sem einkennist bæði af rökvisi, skipulagi og köldum staðreyndum. Í því síðarnefnda liggur styrkur Yrsu. Aldrei læðist sá grunur að lesandanum, eins og oft vill verða við lestur glæpasagna, að í fléttunni sé eyðu eða rökleysu að finna. En segja má að í þessu liggir einnig veikleiki Yrsu. Kaldranaleg frásagnartæknin og ofurskipulögð framvinda gerir það að verkum að aðdragandinn að uppgjörinu virkar seigfljótandi á lesandann.

Höskuldur Ólafsson

PLÖTUR

Veruleg vonbrigði

POPP | Klaufar - Síðasti mjói kaninn ★★★★★

Það hefur löngum þótt ágæt leið til að halda klassískum perlum við, að færa þær í annan búning. Reyna þannig á þanþol þess lagaforms sem upphaflega perlan var samin innan og stundum – ef menn eru nógu færir, – gerist það að lagið verður enduruppgeitt. Á plötunni sem um ræðir er þessi tilraun gerð með bæði eldri og yngri lög sem allir Íslendingar ættu að þekkja og hinn nýi búningur samanstendur af kúrekahatti, sporum og stórrí sylgju. En hér er eitthvað sem ekki gengur upp. Vera má að það sé lagavalið og skortur á heildarmynd eða einfaldlega furðu lítill metnaður Klaufa til að aðlaga lögin að þeim göldrum sem fyrir finnast í kántrí-tónlistinni.

Höskuldur Ólafsson

Enginn lífsháski

POPP | Alexander Aron - If You Believe ★★★★★

Þessi plata Alexanders Arons er einkar fagmannlega unnin, hlómur góður og hljóðfæraleikur til fyrirmyndar; sérstaklega er gítarleikur fin. Söngurinn er líka tæknilega góður en óneitanlega lítlau. Lögin eru og þokkaleg en textar óþægilega klisjulegir. Vestan hafs myndu menn kalla þetta MOR, Middle-of-the-Road, sem snara má sem miðjumóð, og þar (og hér) eru útvarpsstöðvar sem byggjast á því að spila aðeins slíka tónlist. If You Believe er sniðin fyrir slíkt, en þeir sem leita að lífsháska eða jafnvel bara að lífi haldi sig fjarri.

Arni Matthíasson

Enginn sauður

POPP | Geir Harðar - Týndi sauðurinn ★★★★★

Við fyrstu hlustun á annarri sólóplötu Geirs Harðar datt mér í hug Megas og Bjartmar Guðlaugsson.

Rödd Geirs er ekki sú fegursta en líkt og hinir tveir ofangreindu hefur hann eitthvað við sig. Geir er hvorki týndur né sauður þegar kemur að laga- og textasmíðum. Hann er undir áhrifum frá þjóðlagapoppi, rokki og blús og þó platan sé nokkuð einsleit eru grípandi lög inn á milli. „Klettablóm“ er tvímælalaust besta lag plötunnar en önnur góð eru „Krúttíð“, „Syndarar“ og „Næsti bar“. Platan er vel unnin, hljóðfæraleikur til fyrirmyndar og umslagið flott. Það hefur verið lögð natni við þennan grip.

Ingvaldur Geirsdóttir

Af orði og blóði

BÆKUR
GEIR SVANSSON



LJÓÐ | Hvert orð er atvik Eftir Þorstein frá Hamri Mál & menning, 2008, 56 síður. ★★★★★

Ljóð Þorsteins frá Hamri koma ævinnlega á óvart. Það er svo sem hægt að benda á „fasta liði“ í bókunum hans – knappur stíll, fyrnt orðalag, vísanir í íslenska menningararfleifð og sagnir. Vitundin í ljóðunum er þó nútímaleg og módernísk, ef ekki heldur betur, og ljóðin eiga jafnt við um fortíð og framtíð í leitinni að núinu, íverunni.

Fyrsta ljóð bókarinnar, eins konar aðfara-ljóð fyrri hluta, gæti átt við þjóðfélagsástand líðandi stundar, sem ádeila og áskorun, en aðeins sem einn þáttur margræðs texta:

Hroll ber enn úr allri ætt. Fer Skuld að hætti. Hröðum fús til flæðar ferð, en þreyja verðum ok á herðum, ok á fornum herðum.

Ýtum Fjalars fleytu fram. Róum hrið skamma. Orð munu brátt af orði allmyrk í hryn falla: stíg þú um palla, stíg þú, sögn, um palla!

Skapanornin Skuld gnæfir yfir upphafinu og slær tóninn, eða í það minnsta einn þeirra. Eins og fram kemur í „athugasemdum“ Þorsteins aftast í bókinni, merkir forna orðtakið að „sögn stígi um palla“ að orð merki í rauninni „annað en það sem látið er í veðri vaka“. Þetta litla ljóð er undarlega margrætt og felur meðal annars í sér vísanir um skáldskapinn, um margfalda merkingu orða, lífið, upphaf þess og endalok, og gott ef ekki ragnarök.

Það er eins og sögninni (í öllu sínu merkingskruni) sé sleppt lausri („stíg þú, sögn, um palla“) í þessu upphafi ljóðanna. En það er meira undir en stafir á blaði og/eda sögð orð. Því orð eru, eins og kemur fram í titli bókarinnar, atvik, virk, þau eru gjörningur – við gerum með því að segja – til góðs eða illis.

Ekki nóg með það: orðin skilgreina tilveruna, þau vernda okkur gegn raunverunni (óskeilgreindri) og sjálf erum við eins konar „gangandi skjöl“ gerð af orði og blóði eins og fram kemur ljóðinu „Pagnargildi“:

Gangandi skjal,

gjört af blóði, spurningum, ósk, og efa, heft og bundið í hörund,

nú lætur það uppi einræður sínar þrátt fyrir itrekað þagnargildið:

Hugrenning, saga, sögð, reifuð í orð – veit hún sér tryggara leyndar-athvarf en orð?

Sköpunarkraftur neyslunnar

MYNDLIST
RAGNA SIGURDARDÓTTIR



MYNDLIST | Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsið CRAFT, Andrea Maack ★★★★★
Til 11. janúar. Safnið er opið alla daga frá kl. 10-17 og til kl. 22 á fim. Aðgangur ókeypis.

Samruni myndlistar, hönnunar og tísku er viðfangsefni Andreu Maack í D-sal Hafnarhússins, sjálfstætt framhald sýningar hennar SMART sem vakti athygli í Gallerí Ágúst fyrir á þessu ári. Að þessu sinni er titillinn CRAFT, sem getur gefið í skyn leik að mörkum verkvits og listar. Andrea hefur fengið fagmenn til liðs við sig, franskir fatahönnuðurrinn Cedric Rivrain hannar skúlptúr í formi kjóls úr pappír sem Andrea hefur teiknað á símynstur; ímynd handverks listamannsins, en Katrín María Káradóttir fatahönnuður sá um uppsetningu. Ilmvatnslykt svífur yfir salnum, hönnuð af Hap-pyscents en Ingibjörg Agnes Jónsdóttir sá um umbreytingu í rými.

Þegar inn kemur mætir manni megn ilmvatnslykt, salurinn er nær tómur utan fatagínu sem klædd er pappírskjól úr teikningum Andreu. Veggir minna á innréttingar frá fyrri öld með skrautlistum í rammaformi, súlurnar tvær hafa aldrei sómt sér betur.

Nálgun Andreu minnir á yfirborðinu á list níunda og tíunda áratugarins þegar list sem söluvara, afneitun handverks og samruni listar, hönnunar og tísku var ofarlega á baugi í listheiminum, listamenn á borð við Barböru Kruger sóttu töl sín og tæki í heim auglýsinga, hönnunar og framleiðslu og notuðu þau gjarnan til ádeilu á þennan sama heim. Aðrir sköpuðu eigin vörumerki þar sem bilið milli hönnunar og listaverks var ógreinilegt, sem dæmi má nefna fyrirtæki Joep van Lieshout, Atelier van Lieshout. Lesa mátti ákveðna ádeilu á innihaldsleysi og sölu-mennsku listheimsins úr slíkum vinnubrögðum, en slík ádeila tilheyrir nú liðnum tíma.

Andreu tekst hér ágætlega að skapa persónulega og heilsteypa sýningu. Samspil vel hugsaðra þátta nær að umbreyta rými listasafnsins á lunkinn máta og skapa tilfinningu fyrir lúxus og neyslusælu. Neyslan er upphafin á meðvitaðan máta sem skapandi afl og upplifun skilningarvitanna hefur tekið við af kaldhæðinni gagnrýni síðustu aldar.



Samspil

„Þegar inn kemur mætir manni megn ilmvatnslykt, salurinn er nær tómur utan fatagínu sem klædd er pappírskjól úr teikningum Andreu.“

Morgunblaðið/Valdis Thor

Sá vonlausni og Mr. Iceman

TÓNLIST
JÓNAS SEN



ÍSLENSKA ÓPERAN | Söngtónleikar Jóhann Smári Sævarsson og Kurt Kopecky fluttu Vetrarferðina eftir Schubert. Sunnudagskvöld 23. nóvember. ★★★★★

Píanóleikarinn Liberace átti það til að koma fljúgandi inn á sviðið. Hann notaði til þess búnað sem hann hafði fengið að láni úr uppfærslu á Pétri Pan. Ég man hinsvegar ekki eftir píanóleikara sem kom inn á sviðið upp úr gólfinu, en það átti sér stað á sunnudagskvöldið í Íslensku óperunni. Þá var Vetrarferðin eftir Schubert á dagskránni, að þessu sinni í dramatískari umbúðum en maður á að venjast. Schubert samdi Vetrarferðina rétt áður en hann lést, og notaði síðustu augnablikin á banabeði sínum til að fara yfir handritið að seinni hluta verksins, en fyrri hlutinn var gefinn út skömmu áður. Bæði Schubert og ljóðskáldið Wilhelm Müller, sem orti Vetrarferðina, voru konungir þegar þeir létust, og má telja víst að Schubert, sem var ekki beint fæddur undir heillastjórn hvað ástina varðaði, hafði fundið sjálfan sig í ljóðunum. Þau eru tuttugu og fjögur og eru ýmist minningar frá ljúfu sumri þegar ástin blómstraði, eða lýsingar á sorg og vonleysi vetrarins.

Jóhann Smári Sævarsson var í hlutverki

ferðalangansins sem gengur einn með brostið hjarta yfir vetrarhjárnið. Hann var ekki í kjölfötum eins og venjulega þegar ljóðasöngur er á dagskránni, heldur í þykkum vetrarfrakka. Píanóleikarinn, Kurt Kopecky, var hinsvegar í hvítum fötum og með aflitað háir; manni datt í hug einhverskonar óvinur ofurhetju, Mr. Iceman, fulltrúi frosthörku vetrarins sem frýstir alla í kringum sig. Það kom dálítið kjánalega út. Kurt líktist helst gamaldags poppara að taka þátt í Eurovision, sem er synd, því píanóleikur hans var í sjálfu sér afar vandaður og nákvæmur og fylgdi söngnum fullkomlega.

Jóhann Smári hefur dökka rödd, dekkri en maður heyrir vanalega í Vetrarferðinni. Allskonar blæbrigði töpuðust við að fara með tónlistina svo djúpt, bæði úr söngnum og úr píanóleiknum. Hugsanlega hefði Kurt mátt hróka og til á hljómborðinu, sleppa sumu úr bassanum og fara með annað upp um áttund til að lýsa aðeins sönginn og gera hann litríkari. Á móti kom að bæði Jóhann Smári og Kurt tülkuðu tónlistina af meiri ákafa en margir aðrir. Reiðin yfir bitrum örlögum var óhæftari og almennt var verkíð snarpara og spennuþrungnara. Tilfinningafuninn var þvilkur að í rauninni var öll leikræna umgjörðin óþarf. Þeir félagar hefðu alveg getað komið því sama til skila í venjulegri konsertuppfærslu. Jóhann Smári hefur líka frábæra rödd og það var unaður að hlýða á hann syngja. Vonandi á hann eftir að gera sem mest af því í framtíðinni – og þá ekki í vetrarfrakka.

Neyslan er upphafin á meðvitaðan máta sem skapandi afl og upplifun skilningarvitanna hefur tekið við af kaldhæðinni gagnrýni síðustu aldar.